



Ytra mat

Leikskólinn Sóli Vestmannaeyjum

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2018.
ISBN 978-9979-0-2206-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn.	12
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Matsþættir	24
Samantekt	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Sóli í Vestmannaeyjum er fimm kjarna leikskóli sem rekinn er af Hjallastefnunni ehf. Hann hóf starfsemi árið 2007 í nýju húsnæði en þar sameinuðust tveir leikskólar. Hjallastefnan ehf tók við rekstri Sóla árið 2012 samkvæmt þjónustusamningi við Vestmannaeyjabæ. Í Sóla dvelja 92 börn, eins til fimm ára. Fimm ára börnin fara í Víkina sem er hluti af grunnskólanum. Leikskólinn Sóli starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar svo og eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð. Kynjaskipting er notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppþót á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynhlutverkum. Húsnæði leikskólans er fallett, bjart og vel um gengið og er hljóðvist góð. Hreinlætisaðstaða fyrir börn er lítil og þröng og bæta þarf skiptiaðstöðu fyrir börnin, sem er ófullnægjandi. Einnig þarf að bæta hitastýringu í húsinu. Útileiksvæði er stórt og ágætlega búið leiktækjum en bæta mætti viðhald á lóð, leiktækjum og girðingu, þá er mikil nálægð við náttúru vel nýtt til náms og útiveru. 28 starfsmenn starfa við leikskólann og af þeim hópi eru 33% leikskólakennarar og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum og liggur þar mikil reynsla og þekking.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólinn er í góðu samstarfi við fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar og sækir hann sérfræðiráðgjöf þangað en einnig veita starfsmenn Hjallastefnunnar ráðgjöf á ýmsum sviðum. Samvinna leikskólastjórnenda er góð og telja þeir sig vera með skýra verkaskiptingu en hún er ekki skrifleg og sýnileg starfsfólki. Stjórnendur eru mjög sýnilegir í starfi og er aðgengi að þeim gott. Helstu áætlanir eru aðgengilegar í leikskólanum og á heimasíðu en huga þarf að aðkomu foreldra og barna við gerð skólanámskrár og ársáætlunar. Við endurskoðun á skólanámskrá mætti einnig gera betur grein fyrir leiðum við innra mat og upplýsingum sem fylgja börnum þegar þau flytja á milli leikskóla og yfir í leikskóladeildina í grunnskólanum. Starfsandi og skólabragur einkennist af gagnkvæmri virðingu, metnaði, trausti og hjálpsemi. Jákvæðni og gleði er ríkjandi í starfsmannahópnum og andrúmsloft afslappað. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að afla sér viðbótarmenntunar og skapa til þess svigrúm. Gerð er símenntunaráætlun í samvinnu við starfsfólk.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Börnin eru glöð, þeim líður vel og samskipti eru góð. Samskipti starfsmanna við börnin eru uppbyggileg og starfsfólk sýnir þolinmæði og beitir röddinni á jákvæðan hátt. Stuðst er við Hjallastefnuna í uppeldisstarfinu og er dagskipulag samkvæmt því en það skiptist í val og hópastarf. Stefna leikskólans er skýr og segja starfsmenn að það sé gott að vinna eftir henni. Fram kom hjá starfsmönnum að einkunnarorð leikskólans séu röð, regla og rúttína. Námskrá Hjallastefnunnar felst í meginreglum og kynjanámskrá svo og skráðum verkferlum í skólastarfinu. Allt starfsfólk er kallað kennarar óháð menntun. Deildirnar eru kallaðir kjarnar og ekki er sérstakur kjarnastjóri en leikskólakennarar fá greitt eins og deildarstjórar til að þeir taki ákveðna faglega forystu í leikskólastarfinu. Innan kjarnanna er börnunum skipt í hópa og hópstjórar bera ábyrgð á sínu starfi og sínum barnahópi. Reglur í leikskólanum eru skýrar og samkvæmt stefnu leikskólans. Lýðræðisleg þátttaka barnanna er ekki mjög sýnileg nema í vali þar sem börnin velja svæði með fyrir fram ákveðnum verkefnum en starfsmenn töluðu um að börnin gætu haft áhrif á hópastarfið og komið með hugmyndir að verkefnum. Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum

aðalnámskrár og í hópastarfi er þess gætt að unnið sé með alla þessa þætti. Umhverfi leikskólans býður upp á mikla fjölbreytni í vettvangsferðum og stutt er í fjölbreytta náttúru sem starfsmenn eru duglegir að nýta sér. Einnig eru starfsmenn duglegir að nýta sér menningu samfélagsins í starfi með börnunum. Í vettvangsathugun sást að börnin hafa tækifæri til að nota eigið hugmyndaflug og sköpun í leik og að áhersla er lögð á ferlið frekar en afurð.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott, þeir voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsmenn og stjórnendur. Þeir telja að börnunum sé mætt af virðingu og hlýju, starfsandi sé góður og þeir upplifa mikinn metnað og samstöðu hjá starfsmönnum. Leikskólinn notast við skráningarkerfið Karellen og er mikil ánægja meðal foreldra með það en þar geta þeir náð sér í upplýsingar um barnið. Foreldraráð er starfandi við leikskólann en það hefur ekki sett sér verklagsreglur og fundargerðir eru ekki birta opinberlega, svo sem á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við starf leikskólans. Gott samstarf er við grenndarsamfélagið og vel er unnið með menningu samfélagsins. Í foreldrakönnun frá 2017 svara 91,43% foreldra því að þeir myndu mæla með skólanum við aðra og 3,81% telja það mjög líklegt.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennsluráðgjafi frá fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyjabæjar sinnir báðum leikskólunum í Vestmannaeyjum og fimm ára deildinni í grunnskólanum. Hann er tvo daga í viku í Sóla, fjórar klukkustundir í senn. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á kjarna og í sínum hópum en unnið er með þau einstaklingslega ef þörf krefur. Allir starfsmenn skólans fá upplýsingar og fræðslu um sérkennslubörn eins og við á. Til eru skriflegir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni en ekki er til móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.

Innra mat

Matið er kerfisbundið og er eins ár frá ári og er það samofið daglegu leikskólastarfi. Að sögn stjórnenda og starfsmanna fer reglulega fram mat á hópastarfi og hvort það nái til allra þátta varðandi grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Einnig er val barna skráð og skoðað mánaðarlega og sjálfsmat kennara fer fram í lok hverrar lotu. Fyllt er í þar til gerða gátlista fyrir foreldraviðtöl. Viðhorfskönnun foreldra er gerð árlega og einnig starfsmannakannanir sem eru nýttar í innra mat leikskólans. Brugðist er við niðurstöðum úr mati, sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni. Tryggja þarf að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn. Birta ætti umbótaáætlun opinberlega svo sem á heimasíðu.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Ingu Dóru Jónsdóttur og Guðrúnu Samúelsdóttur og fór fram á vettvangi 1.-4. október 2018. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólabróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra Sóla á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og meðstjórnanda og haft var samband við fræðslufulltrúa Vestmannaeyja. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi, á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Sóli er fimm kjarna leikskóli við Ásaveg 11 í Vestmannaeyjum, í mikilli nálægð við fjölbreytta náttúru Vestmannaeyja, hraun, eldfjall og hafið. Rekstraraðili leikskólans er Hjallastefnan ehf samkvæmt þjónustusamningi við Vestmannaeyjabæ. Árið 2007 opnaði Sóli í núverandi húsnæði sem þá var nýbyggt. Þar sameinuðust tveir eldri leikskólar, Rauðagerði og Sóli en báðir voru í óviðunandi húsnæði sem á sama tíma var lagt niður.⁴ Árið 2012 tók síðan Hjallastefnan ehf við rekstri Sóla. Í Sóla dvelja 92 börn á aldrinum eins til fimm ára.⁵ Fimm ára börnin fara í Víkina sem er hluti af grunnskólanum. Í vesturhluta hússins eru drengir á aldrinum tveggja til fimm ára á tveimur kjörnum, Gulakjarna og Rauðakjarna. Stúlkurnar eru í austurhluta hússins á Grænakjarna og Bláakjarna. Yngstu börnin eru á Hvítakjarna en þar er kynjunum blandað en þau eru í kynhreinum hópum.⁶ Þrjú börn eru með skilgreinda sérkennslu. Sjö börn eru með annað móðurmál en íslensku þar af eru fjögur börn tvítyngd þar sem annað foreldrið er íslenskt en hitt af erlendu bergi brotið. Börnin eru af fimm þjóðernum. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30-16:30.

Starfsmenn

Í leikskólanum Sóla starfa 28 starfsmenn í 23 stöðugildum, 27 konur og einn karl. Leikskólastýra er í 100% starfshlutfalli sem stjórnandi. Meðstjórnandi er í 30% stjórnunarstöðu og 70% í afleysingu á kjörnum. Leikskólastýra er með bæði leikskólakennara- og grunnskólakennaramenntun. Meðstjórnandi er með BS gráðu í sálfræði. Níu leikskólakennarar starfa við leikskólann. Hlutfall leikskólakennara er 33% af starfsmannahópnum og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Sex starfsmenn eru leikskólaliðar. Einn starfsmaður er með grunnskólakennaramenntun og annar með BA gráðu í viðskiptafræði. Fimm starfsmenn eru með stúdentspróf og fimm með grunnskólapróf. Þar fyrir utan starfa tveir starfsmenn við matreiðslu. 125% stöðugildi starfsmanna sinna sérkennslu þriggja barna. Að sögn leikskólstjóra er mikill stöðugleiki í starfsmannahópnum en 14 starfsmenn hafa starfað í Sóla frá því áður en Hjallastefnan tók við rekstri leikskólans.

Húsnæði

Núverandi húsnæði Sóla var tekið í notkun 2007 og er 859,2 fermetrar. Leikskólinn skiptist upp í fimm kjarna. Tveir drengjakjarnar eru í leikskólanum og tveir stúlkna kjarnar. Yngstu börn skólans eru í einum kynjablönduðum kjarna.⁷ Húsið er lengja og eru kjarnarnir öðrum megin við langan gang sem liggur í gegnum húsið og fataklefi fyrir hvern kjarna garðmegin við húsið. Hver kjarni samanstendur af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Þá eru sameiginleg rými, salur í miðju hússins, tónlistarstofa, listasmiðja, bókasafn og sérkennsluherbergi. Í öðrum enda hússins er eldhús, skrifstofa stjórnenda, kaffistofa og undirbúningsaðstaða starfsmanna. Þrjú salerni eru fyrir fullorðna og er eitt með aðgengi fyrir fatlaða. Gengið er inn í leikskólann úr garðinum, í gegnum fataklefana sem eru rúmgóðir með forstofu þar sem eru salerni fyrir börn í útiveru. Einnig er sér inngangur fyrir starfsmenn þar sem er fatahengi og læstir skápar. Í vettvangsathugun sást að húsnæðið er fallett, bjart og vel um gengið. Þá er hljóðvist góð. Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Í vettvangsathugun og í rýnihópum leikskólakennara, starfsmanna og meðstjórnanda kom í ljós að bæta megi aðstöðu fyrir yngstu börnin. Hreinlætisaðstaða er lítil og þröng og skiptiaðstaða ófullnægjandi. Einnig kom fram í viðtali að plássleysi sé á kjörnum og í raun vanti þriðju leikstofuna, þá mætti huga betur að almennu viðhaldi á húsinu og bæta þurfi hitastýringu.⁸ Bókasafn er í gluggalausum rými sem opnast fram á gang og því er dimmt og loftlaust þar inni að álitu matsaðila.

4 Heimasíða Sóla.

5 Heimasíða Sóla.

6 Heimasíða Sóla.

7 Skólanámskrá Sóla.

8 Rýnivíðtal við leikskólastýra og meðstjórnanda

Útileiksvæði

Útileiksvæði leikskólans liggur meðfram bakhlið hússins og nær út fyrir báða gafla þess. Að framanverðu eru bílastæði sameiginleg með sjúkrahúsi Vestmannaeyja. Gengið er í gegnum útileiksvæðið til að komast inn í leikskólann. Þrjú hlið eru á girðingunni, í þrjár áttir. Útileiksvæðið er mjög stórt og fjölbreytt. Öðrum megin er töluverður grösugur halli frá girðingu og að húsinu en þar hafa verið gerðar nokkrar litlar skeifur með því að grafa inn í hallann og hlaða með grjóti. Þessar skeifur í hallanum geta valdið slysum þegar börn hlaupa þar yfir eða renna sér í snjó. Hinum megin á leiksvæðinu er töluvert flatlendi með fjölbreyttum leiktækjum. Við annan gafl hússins er svæði sem hefur verið hugsað til ræktunar matjurta en hefur breyst í drullusvað. Barnahópurinn hefur yngst og dvelja börn allt niður í eins árs í leikskólanum. Ekki er afmarkað svæði fyrir þau á útsvæðinu. Fram kom í rýniviðtölum leikskólakennara, starfsmanna og meðstjórnanda ósk um að fá afgirt útileiksvæði fyrir yngstu börnin og er þá horft á þetta svæði undir vestur húsgaflinum til þess. Þar væri einnig pláss fyrir barnavagna svo yngstu börnin gætu sofð úti ótrufluð af börnum í leik.⁹ Í rýniviðtali við meðstjórnanda kom fram að bæta mætti viðhald á lóð leikskólans og leiktækjum. Í rýniviðtali við leikskólakennara kom fram að göt væru á girðingunni sem þyrfti að laga.

Hugmyndafræði og áherslur

Leikskólinn Sóli starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar svo og eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.¹⁰ Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð.¹¹ Kynjaskipting er notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbot á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynhlutverkum. Auk Hjallastefnunnar og áhersluþátta í Aðalnámskrá leikskóla á leikskólinn Sóli sér sínar sérstöku áherslur sem eru: Náttúra Vestmannaeyja, umhverfismennt og tónlistarhefð eyjanna. Þá er lögð áhersla á læsi og stærðfræði með hliðsjón af framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar. Notast er við Numicon stærðfræðinámsgögnin og verið er að innleiða kennsluáferðina Leikur að læra, þá er verið að vinna með Lubbi finnur málbein, sem leggur áherslu á íslensku máhljóðin.¹² Í rýniviðtölum nefndi starfsfólk og leikskólakennarar að einkunnarorð leikskólans væru: Röð, regla og rúttína en þessi einkunnarorð voru ekki sýnileg í umhverfi skólans. Á vettvangi sáu matsmenn að börnin vita hvar þau eiga að setjast þegar þau koma inn úr útiveru, við fataklefa eru merkt biðpláss fyrir þau. Mjög skýrar umferðarreglur eru á göngum. Hvert barn á merkt sæti á kjarna sem og ákveðið númer á mottu þegar kemur að samveru.

Skólaföt fyrir börn og starfsfólk hefur verið hluti af Hjallastefnustarfi í mörg ár og er einnig svo í Sóla. Fatnaður er merkingarbær og því telur Hjallastefnan skólafatnað mikilvægan þátt í starfinu. Samkeppni og metingur milli barna minnkar stórlega og athygli beinist frekar að börnunum sjálfum en fötunum sem þau eru í. Fötin eru seld í Vefverslun.¹³

Í vettvangsathugun kom vel í ljós að unnið er eftir þessari hugmyndafræði og í rýniviðtölum voru bæði starfsmenn og foreldrar meðvitaðir um þessa hugmyndafræði og áherslur.¹⁴ Í rýniviðtölum við leikskólakennara kom fram að hin mikla nálægð við fjölbreytta náttúru, samfélagið og höfnina væri mikill styrkur í leikskólastarfinu. Starfsmenn sögðu stefnu leikskólans þægilega, skipulag væri gott og auðvelt að starfa í þessu skipulagi.¹⁵

Styrkleikar

- Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá og er vel sýnileg í starfi hans.
- Góð hljóðvist er í húsinu.
- Útileiksvæði er stórt og vel búið leiktækjum.
- Umhverfi leikskólans og náttúra er nýtt til náms og leikja.
- Mikil nálægð er við fjölbreytta náttúru, samfélag og höfnina.
- Lögð er áhersla á læsi og stærðfræði með hliðsjón af framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.

9 Rýnihópar starfsfólks, leikskólakennara og viðtal við meðstjórnanda.

10 Skólanámskrá Sóla.

11 Starfsáætlun leikskólans Sóla skólaárið 2018-2019.

12 Starfsáætlun leikskólans Sóla skólaárið 2018-2019.

13 Heimasíða Sóla.

14 Rýnihópar leikskólakennara, starfsmanna og foreldra.

15 Rýnihópur starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Bæta þarf skiptiaðstöðu barna á kjörnum.
- Æskilegt er að afmarka öruggt útileiksvæði fyrir yngstu börnin.
- Gera mætti svæði fyrir barnavagna fyrir yngstu börnin til að sofa úti.
- Bæta má viðhald á lóð, leiktækjum og girðingu.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Sóla er Hjallastefnan ehf samkvæmt þjónustusamningi við Vestmannaeyjabæ. Sóli er annar af tveimur leikskólum í Vestmannaeyjum en leikskólinn Kirkjugerði er rekinn af bæjarfélaginu. Starfsmenn Hjallastefnunnar eru ráðgjafar Sóla á ýmsum sviðum. Leikskólinn nýtur að auki sérfræðiaðstoðar sveitafélagsins við sérkennslu. Samkvæmt samningi milli Hjallastefnunnar og Vestmannaeyjabæjar, sér Vestmannaeyjabær um viðhald á húsnæði og lóð.¹⁶ Fjölskyldu- og fræðslusvið sveitarfélagsins fer með öll skólamál m.a. í Sóla. Á Fjölskyldu- og fræðslusviði starfa meðal annarra fræðslufulltrúi, sérkennsluráðgjafi og ráðgjafaþroskaþjálfari.¹⁷ Í símaviðtali við fræðslufulltrúa á fjölskyldu- og fræðslusviði kom fram að mjög góð samskipti séu við leikskólastýru og sitji hún mánaðarlega fundi leikskólastjórnenda og fræðslufulltrúa. Í viðtali við leikskólastýru og meðstjórnanda kom fram að mjög góð samskipti væru við fræðslusvið.

Námskrá og áætlanir

Leikskólastjóri hefur forystu um gerð skólanámskrár. Að vinnslu skólanámskrár leikskólans Sóla kom starfsfólk Sóla og foreldraráð las hana yfir og samþykkti. Að vinnu við gerð skólanámskrár komu ekki börn og foreldrar.¹⁸ Að auki komu fulltrúar Hjallastefnunnar ehf. að þeim þáttum námskrárinnar sem eru sameiginlegir öllum leikskólum Hjallastefnunnar.¹⁹ Skólanámskrá kom fyrst út 2012 og var endurskoðuð árið 2016 með tilliti til Aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Á áætlun er að endurskoða Skólanámskrána á næstunni.²⁰ Skólanámskráin uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Betur mætti gera grein fyrir aðferðum og vinnulagi við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni. Þá mætti gera grein fyrir hvernig samstarfi er háttáð þegar börn flytja á milli leikskóla og hvaða upplýsingar fylgi börnum á milli leikskóla og í Víkina. Kynjanámskrá er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar og er hluti af skólanámskrá og einnig birt á heimasíðu leikskólans Sóla. Starfsáætlun er gefin út árlega og er skilað til Hjallastefnunnar ehf. og Vestmannaeyjabæjar. Í starfsáætlun er fjallað um starfsmannamál, faglegar áherslur, mat og umbætur, samstarf við grenndarsamfélagið og fjölskyldur.²¹ Einn fundur á ári er með öllu starfsfólki til að setja niður starfsáætlun. Starfsfólkið kemur með hugmyndirnar og stjórnendur framfylgja þeim.²² Börn og foreldrar koma ekki að gerð starfsáætlunar.²³ Skóladagatal fyrir skólaárið 2018-2019 er að finna á heimasíðu leikskólans en er ekki hluti af starfsáætlun.²⁴ Starfsáætlun 2018-2019 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Ársskýrsla Sóla fyrir skólaárið 2017-2018 er á heimasíðu leikskólans. Þar er fjallað um mat á skólaárinu og framtíðarsýn, leikskólastarfið, starfsmannahald og samstarf.²⁵ Jafnréttisáætlun fyrir árið 2018-2019 er sameiginleg fyrir alla Hjallastefnuskóla og er birt á heimasíðu leikskólans Sóla. Hjallastefnan hefur gert sameiginlega starfsmannhandbók fyrir alla Hjallaskóla og er hún aðgengileg fyrir starfsfólk. Einnig hefur leikskólinn Sóli gert sína eigin starfsmannhandbók sem er á sameiginlegu tölvudrifi starfsmanna.²⁶ Til er handbók sem kveður á um móttöku nýliða – nýliðaáætlun Hjallastefnunnar og einnig hefur leikskólinn Sóli unnið skriflegt verklag um móttöku nýrra starfsmanna. Læsisetna er hluti af framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar og hefur Sóli gert læsisáætlun út frá henni sem nefnist Læsi og stærðfræði í leikskólanum Sóla.²⁷ Stefna Sóla í eineltismálum er til í möppu á skrifstofu og á sameiginlegu tölvudrifi starfsmanna Sóla. Öryggis- og rýmingaráætlun er til útprentuð í sýnilegri möppu á skrifstofu leikskólastýru og á sameiginlegu tölvudrifi starfsmanna. Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg, útprentuð inni á öllum kjörnum og í helstu rýmum leikskólans.

Gerð er símenntunaráætlun sem birt er á heimasíðu leikskólans. Starfsfólk tekur þátt í gerð símenntunaráætlunar og getur komið á framfæri óskum um námskeið eða aðra menntun sem nýtist í starfi. Í símenntunaráætlun eru lagðar til umbætur, námskeið eða annarskonar fræðsla sem varðar það sem starfsmannahópurinn er veikur í, tímasetning og umsjónaraðili.²⁸ Kafli um símenntun og starfsþróun er einnig í Ársskýrslu Sóla.²⁹

16 Skólanámskrá Sóla.

17 Heimasíða Vestmannaeyjabæjar.

18 Rýnivíðtal við leikskólastýru og meðstjórnanda.

19 Skólanámskrá Sóla.

20 Rýnivíðtal við meðstjórnanda.

21 Starfsáætlun leikskólans Sóla skólaárið 2018-2019.

22 Rýnivíðtal við leikskólastýru.

23 Rýnihópur foreldra og viðtal við meðstjórnanda.

24 Heimasíða Sóla.

25 Ársskýrsla Sóla skólaárið 2017-2018.

26 Vettvangsathugun.

27 Heimasíða Sóla.

28 Tölvupóstur frá leikskólastýru.

29 Heimasíða Sóla.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr.90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastýra hefur starfað í Sóla síðan 2012 þegar Hjallatefnan tók við rekstri leikskólans. Meðstjórnandi hefur starfað við leikskólann síðan 2013 en sem meðstjórnandi í 30% stöðu síðastliðin tvö ár. Meðstjórnandi hefur ekki leikskólakennaramenntun, heldur BS gráðu í sálfræði. Ekki eru aðrir í stjórnendateymi en þær tvær.³⁰ Stjórnendur telja sig vera með skýra verkaskiptingu en verkaskipting er ekki skrifleg eða sýnileg starfsfólki. Í rýnihópum leikskólakennara, starfsfólks og foreldra kom fram að báðir stjórnendur eru mjög sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim gott. Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Móttökuáætlun nýrra starfsmanna er til staðar svo og starfsmannahandbók. Eftir að niðurstöður í starfsmannakönnun leiddu í ljós að taka mætti betur á móti nýju starfsfólki var gerð umbótaáætlun sem leiddi til þess að gert var skriflegt verklag um móttöku nýliða og er nú unnið eftir því.³¹ Ekki eru kjarnastjórar á kjörnum heldur eru þrír hópstjórar á hverjum kjarna. Ábyrgð starfsmanna á hverjum kjarna er sameiginleg. Leikskólakennarar fá greitt eins og deildarstjórar til að þeir taki ákveðna faglega forystu í leikskólastarfinu. Hópstjórar eru með ákveðnar starfslýsingar og halda utan um sinn hóp og bera faglega ábyrgð.³² Hver hópstjóri undirbýr og tekur foreldraviðtal við foreldra í sínum hópi tvisvar sinnum á ári. Foreldraviðtöl eru tekin á laugardögum. Kjarnafundir eru oftast mánaðarlega, stundum í hádegi eða eftir vinnu. Starfsfólk á hverjum kjarna ákveður hvort og hvenær þeir eru haldnir, sem hluti af undirbúningstíma starfsmanna. Ekki eru ritaðar fundargerðir.³³ Skýr verkaskipting er á milli starfsmanna á kjörnum. Hver starfsmaður hefur ákveðin hlutverk viku í senn og er verkaskipting skráð og öllum aðgengileg.³⁴ Nú í haust hóf Hjallastefnan að innleiða vinnutímastyttingu í Sóla eftir samráð við starfsmenn þar sem meirihluti samþykkti þessa breytingu. Starfsmenn í 100% stöðu skila þá 7 tímum á dag og mæta ýmist klukkan tíu eða hætta klukkan 15:00. Þetta hefur í för með sér að færri starfsmenn eru með börnunum í upphafi og lok dags. Áður en vinnutímastytting hófst voru upplýsingafundir á morgnana með fulltrúum allra kjarna. Eftir að vinnutímastyttingin komst á er ekki lengur tími fyrir þessa fundi og eru kaffitímar starfsfólks og starfsmannafundir nýttir til upplýsingagjafar.³⁵ Í rýniviðtali við leikskólakennara kom fram að þeir sakni þessara morgunfunda.

Fimm skipulagsdagar eru í leikskólum Vestmannaeyjabæjar. Í stað þess að loka leikskólanum vegna skipulagsdaga vinnur starfsfólk fjóra skipulagsdaga af sér og tekur út í fríi í kringum jól og áramót. Einn skipulagsdag að hausti er leikskólanum lokað vegna haustráðstefnu Hjallastefnunnar. Foreldraviðtöl eru tvö á ári og tekin á laugardögum. Starfsmannfundir eru einu sinni í mánuði utan opnunartíma leikskólans.³⁶ Starfsmenn fá dagskrá fundanna fyrirfram og fundargerðir eru ritaðar og settar á sameiginlegt tölvudrif starfsmanna.³⁷ Allir fá undirbúningstíma samkvæmt samningum auk þess fá ófaglærðir starfsmenn hálf tíma á dag í undirbúning. Aðstaða til undirbúnings í leikskólanum er mjög góð en einnig mega starfsmenn taka undirbúning heima.³⁸

Fagleg forysta

Leikskólastýra lýsir sér sem jákvæðri og glaðri manneskju. Hún telur sig vera hreinskiptna og taka á vandamálum. Hún segist fara mikið inn á kjarna, þá sérstaklega yngstu barna kjarna sem þarf mestu aðstoðina og ganga í öll störf. Þá segir hún að börnin hafi góðan aðgang að sér og komi oft á skrifstofuna til sín. Hún segist hvetja fólk en megi sennilega hrósa meira. Leikskólastýra tekur alla starfsmenn í starfsþróunarsamtal einu sinni til tvisvar á ári og einnig fá allir nýliðar viðtal hjá henni.³⁹ Í öllum rýnihópum kom fram að leikskólastýra sé hvetjandi og áhugasöm um að starfsfólk sæki viðbótarmenntun og hliðrar til svo fólk komist burt í nám.⁴⁰

Meðstjórnandi segist vera róleg og yfirveguð sem gott sé að tala við. Hún upplifir mikið traust frá leikskólastýru og telur sig standa undir því trausti. Hún segist ganga í þau verkefni sem henni eru falin og klára þau. Hún fer mikið í afleysingar á kjarna og upplifir mjög góð samskipti og lýðræðisleg vinnubrögð. Hún segist hvetja starfsfólk en mætti hrósa meira og taka upp mál sem upp koma. Í rýniviðtölum við alla hópa kom fram að báðir stjórnendur séu mjög sýnilegir og aðgengi að þeim sé gott.

30 Viðtal við skólastýru og meðstjórnanda.

31 Viðtal við meðstjórnanda.

32 Viðtal við skólastýru.

33 Rýnihópur við starfsmenn.

34 Vettvangsathugun.

35 Viðtal við leikskólastýru.

36 Viðtal við leikskólastýru.

37 Rýnihópur starfsmanna.

38 Viðtal við leikskólastýru.

39 Viðtal við leikskólastýru.

40 Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

Þó kom fram í rýnihópi starfsfólks að leikskólastýra sé stjórnandinn og frekar sé leitað til hennar. Fram kom í rýnihópi foreldra að samskipti við stjórnendur séu sérlega góð, þær eru sýnilegar og gott aðgengi að þeim. Í rýnihópi barna kom fram að þau þekkja leikskólastýruna með nafni og segja hana vinna í tölvunni á skrifstofunni.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum kom fram að starfsandi og skólabragur einkennist af gagnkvæmri virðingu, metnaði, trausti og hjálpssemi. Jákvæðni og gleði sé ríkjandi í starfsmannahópnum og andrúmsloft afslappað. Í vettvangathugun upplifðu matsmenn þetta jákvæða andrúmsloft. Leikskólastjórnendur hlusta á starfsmenn, taka vel í nýjar hugmyndir og hvetja starfsmenn til að prófa breytingar. Stöðugleiki er í starfsmannahópnum og reynslumikið starfsfólk sem býr yfir mikilli þekkingu.⁴¹ Starfsmenn sögðu að þeim liði oftast vel í starfi og góður andi, traust og mikill metnaður væri í hópnum. Ef upp koma vanda-mál er það leyst og starfsmenn eru alveg ófeimnir við að skiptast á skoðunum og ræða þær. Starfsmenn segjast vanda sig í starfi og fá mikið hrós fyrir og upplifa virðingu.⁴² Reglulega er stefnan rædd og tekist á um markmið og leiðir.⁴³

Börnin sögðu að kennararnir væru góðir og hlusti á börnin, hjálpi þeim að klæða sig út og segja: „þið eruð búin að vera frábær“ eða „gengur betur næst“.⁴⁴

Lagt er upp með hreinskipt samskipti og að starfsfólk leysi sjálf úr ágreiningsmálum ef kostur er, ef það gengur ekki þá er hægt að leita til stjórnenda. Starfsfólki er kennt að nota setningar eins og „kæra vinkona mér finnst“ eða „má ég benda þér á“. Einn starfsmaður nefndi í þessu samhengi „ef ég treysti mér ekki að segja viðkomandi að ég sé ósátt þá get ég heldur ekki pirrað mig á því“.⁴⁵

Foreldrar upplifa góð samskipti og mikla samheldni í starfsmannahópnum. Foreldrum er mætt með hlýju og þeim finnst að hópstjórar séu sífelld að leita leiða til að framkvæma hugmyndir barnanna.⁴⁶

Leikskólastýra segir starfsmannahópin gera ýmislegt saman til að viðhalda góðum starfsanda s.s. fara saman á jólahlaðborð, grilla og halda árshátíð og er mökum boðið með á þessa viðburði, þá er óformleg samvera fyrsta fimmtudagskvöld í hverjum mánuði og eins hefur hópurinn farið saman í jóga og gönguferðir.

Styrkleikar

- Gott samstarf er við fjölskyldu og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar.
- Skólanámskrá var síðast endurskoðuð 2016 og er á áætlun að endurskoða hana aftur.
- Skólanámskrá, starfsáætlun, ársskýrsla og skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.
- Jafnréttisáætlun, eineltisáætlun, öryggis- og rýmingaráætlun er til.
- Starfsmannahandbók og áætlun um móttöku nýliða eru til og aðgengilegar starfsfólki.
- Stjórnendur eru mjög sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim gott.
- Ófaglært starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Jákvæðni og gleði er ríkjandi í starfsmannahópnum.
- Mikill stöðugleiki, þekking og reynsla er í starfsmannahópnum.

41 Rýnihópur leikskólakennara.

42 Rýnihópur starfsmanna.

43 Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

44 Rýnihópur barna.

45 Rýnihópur leikskólakennara.

46 Rýnihópur foreldra.

- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, samskipti við starfsfólk og þá samheldni sem þeir upplifa í starfsmannahópnum.

Tækifæri til umbóta

- Gera má verkaskiptingu leikskólastýru og meðstjórnanda skriflega og kynna fyrir starfsfólki.
- Við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar ætti að huga að aðkomu foreldra og barna.
- Öryggis- og rýmisáætlun ætti að vera sýnileg, útprentuð inni á öllum kjörnum og í helstu rýmum leikskólans.
- Æskilegt væri að rita fundargerðir á kjarnafundum.
- Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir leiðum við innra mat og upplýsingum sem fylgja börnum þegar þau flytja á milli leikskóla eða í Víkina.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðisins gerir ráð fyrir fjölbreytum viðfangsefnum barnanna. Sameiginleg rými svo sem tónlistarstofa, listasmiðja, bókasafn og salur eru nýtt í hópastarfi og geta kennarar pantað tíma í þessum rýmum fyrir sitt hópastarf. Dagskipulag er ákveðið samkvæmt stefnu leikskólans og er það eins á öllum kjörnum nema yngsta kjarnanum þar sem eru eins árs börn. Dagskipulag skiptist á milli hópastarfs og vals. Val er fjórum sinnum á dag samkvæmt dagskipulagi og er eins á öllum kjörnum. Fyrst á morgnana þegar börnin eru að koma í leikskólann er val um nokkur ákveðin verkefni sem kennari velur. Aðal valtíminn er tvisvar á dag eftir morgunmat og að loknum hópátíma eftir hádegi. Á þessum valtímum geta börnin valið á milli útivistar og leikstofu þar sem boðið er upp á svampkubba, leir, föndur, kubba og sull. Eftir síðdegishressingu í lok dags er fjórði valtíminn og er hann svipaður og í upphafi dags. Þá er boðið upp á eitthvað annað en er í boði á aðal valtímum, eða svokallað „sparival“.⁴⁷ Reynt er að gæta jafnvægis á milli inniveru og útiveru. Gert er ráð fyrir að á valtíma fari allt að þriðjungur barnanna út til að minnka álag á innisvæðin og þess er gætt að öll börn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Samvera er fjórum sinnum á dag, eftir morgunmat, síðdegis eftir hópastarf, eftir síðdegishressingu, og einnig er samvera fyrir hádegismat. Þessar stundir eru meðal annars notaðar í ýmiss konar málrækt svo sem samræður, frásögn, söng og einnig er valið inn á svæði.

Leikföng og annar efniviður er ekki sýnilegur og er það í samræmi við stefnu leikskólans um að minnka áreiti í umhverfinu. Efniviður er lokaður inni í skápum og hafa börnin því ekki frjálst aðgengi að honum en mikið er til af alls konar kubbum og öðrum opnum efniviði ásamt ítarefni sem notað er í valinu til að glæða áhuga barnanna og þróa leik þeirra.⁴⁸ Á öllum kjörnum eru innristofur sem kallast leikstofur með svamppúðum og á stúlnakjörnum eru þar einnig rimlar á veggjum. Einingarkubbar eru á öllum kjörnum nema hjá yngstu börnunum en þar eru rísa stórir, mjúkir legokubbar. Í listasmiðju er mikið til af alls konar efniviði til listsköpunar en hann er lokaður inni í skápum og skúffum. Í tónlistarstofu er ekkert sýnilegt sem minnir á tónlist en leikskólinn er vel búinn hljóðfærum og efniviði til tónlistariðkunar. Gott bókasafn er í leikskólanum og er það í sérherbergi. Börn og kennarar geta farið þangað og sótt sér bækur til að fara með inn á kjarna til að skoða og lesa, einnig er það notað fyrir hópastarfið. Salur er til grófhreyfipjálfunar og er hann einnig vel búinn efniviði til hreyfipjálfunar.

Í fyrsta skipi í haust voru tekin inn eins árs börn og eru því óvenju ung börn á yngsta kjarna. Í rýnivíðtali við leikskólakennara og starfsmenn kom fram að þeir eru að prófa sig áfram með það hvað eigi að vera í boði fyrir svona ung börn. Framundan var ráðstefna Hjallastefnuskólanna og höfðu starfsmenn væntingar til þess að fá umræður og hugmyndir um vinnu með ung börn þar.⁴⁹

Starfshættir

Í Uppeldisstarfinu er stuðst við Hjallastefnuna og er dagskipulag samkvæmt því. Leikskólakennarar og starfsmenn tala um að dagskipulag sé mjög stýrt og fastmótað og lítil umræða fari fram um endurmat eða breytingar á því. Fram kom hjá starfsmönnum að einkunnarorð leikskólans séu röð, regla og rúttína.⁵⁰ Samkvæmt námsskrá Hjallastefnunnar eru meginreglurnar sex og fjalla þær um börn og foreldra, starfsfólk, umhverfi, efnivið, náttúru og samfélag. „Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kalli umlykur hver regla þá næstu á undan“.⁵¹ Skólaárinu er skipt upp í sex tímabil þar sem unnið er með sérstakar lotur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár á haustönn og seinni þrjár á vorönn. Yfirheiti hverrar lotu er almennt hugtak, lýsandi fyrir viðkomandi svið en heitinu fylgir síðan fjögur hugtök eða orð sem útskýra hvað þarf að æfa til að ná þeim árangri sem yfirheitið lýsir. Orðin fjögur eru svonefndir lotulyklar og er eitt orð einkennandi fyrir hverja viku lotunnar. Hverri lotu lýkur með uppskeruviku.⁵²

47 Viðtal við meðstjórnanda.

48 Rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

49 Rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

50 Viðtal við leikskólastýru og meðstjórnanda. Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

51 Skólanámsskrá Sóla.

52 Skólanámsskrá Sóla.

Fyrsta lotan er agi og skiptist hún í virðingu, hegðun, kurteisni og framkomu. Önnur lota er sjálfstæði og skiptist í sjálfstýringu, sjálfstraust, öryggi og tjáningu. Þriðja lotan er samskipti og skiptist í umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni og samstöðu. Fjórtða lotan er jákvæðni og skiptist í ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni og gleði. Fimmta lotan er vinátta og skiptist í félagsskap, umhyggju, nálægð og kærleik. Sjötta lotan er svo áræðni og skiptist hún í kjark, kraft, virkni og frumkvæði.⁵³ Unnið er með loturnar í hópstarfi og ber hópstjóri ábyrgð á því að vinna samkvæmt þeim. Fram kom í rýnihópum að stefna skólans er skýr og að það er gott að vinna eftir henni. Allt starfsfólk er kallað kennarar óháð menntun. Engin sérstakur kjarnastjóri er yfir kjörnunum heldur eru allir kennarar jafnir.⁵⁴ Í hópstarfi er þess gætt að nýta allt húsnæði sem best og er það gert þannig að hópstjórar panta tíma á svæði eins og salinn, tónlistarrými, bókasafn og listasmiðju.

Í rýnihópi leikskólakennara kom fram að samræmt verklag er varðandi börn með krefjandi hegðun. Við þær aðstæður eru börnin ekki tekin út úr hópnum eða sett á stól heldur er þeim boðin handleiðsla við það sem illa gengur. Einnig kom fram að þegar allt um þrytur geta starfsmenn leitað eftir ráðgjöf til samstarfsfólks og til fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyjabæjar.⁵⁵

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Dagskipulag býður ekki upp á sveiganleika og lýðræðisleg þátttaka barnanna er ekki mjög sýnileg nema í vali þar sem börnin velja svæði en þau geta ekki haft áhrif á verkefnaval á svæðinu. Farið er eftir ákveðnu kerfi við valið og er markmiðið að jafna rétt barna. Val barnanna er skráð og það barn sem fyrst velur er síðast til að velja næst. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að börnum sé stundum boðið að skipta um val ef þau hafa ekki eirð út valtiðmann í því sem þau völdu sér, einnig er hægt að bjóða upp á ítarefni inn í valið.⁵⁶ Í rýnihóp leikskólakennara kom fram að börnin geta ekki skipt um valsvæði en þau geta beðið um ítarefni.⁵⁷ Fram kom í rýnihópum að börnin geta haft áhrif á hópatíma og komið með hugmyndir að verkefnum og er reynt að koma til móts við þær hugmyndir.⁵⁸ Reglur eru skýrar og eru þær samkvæmt stefnu leikskólans. Starfsmenn hafa lítið um þær að segja en á starfsmannafundum koma upp umræður og vangaveltur um reglurnar. Börnin ásamt hópstjóra móta reglur fyrir sinn hópatíma.⁵⁹ Í rýnihópi barna kom fram að það væru reglur í skólanum og að kennararnir gerðu þær.⁶⁰ Við gerð matseðils fá börnin að koma með óskir um hvað á að vera í matinn.⁶¹ Í vettvangsat-hugun sáu matsmenn að sjálfstæði barnanna og sjálfsákvörðun þeirra var lítil sem engin í matmáls-tímum. Börnin tóku ekki þátt í undirbúningi fyrir matmáls tíma, þau fengu ekki að skammta sér matinn sjálf og í sumum tilfellum voru þau ekki spurð hvað þau vildu.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Þar er einnig fjallað um hvernig markmið aðalnámskrár leikskóla eru samþætt við leikskólastarfið og hvernig starfsfólki og börnum gefst tækifæri til að vinna með námssvið aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik í valtiðum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópatímum.⁶²

Áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi og málrækt. Í samverustundum eru sagðar sögur, lesnar sögur og spjallað. Í hópstarfi eru börnin spurð og hvött til samræðna, einnig eru matartímar nýttir til samræðna. Fréttatími er reglulega þar sem hvert barn er hvatt til að segja frá einhverju sem það hefur upplifað. Tónlist er í heiðri höfð og leitast við að kenna börnunum flókna texta. Börnunum er kennt að nota orð sín í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Í byrjun skólaársins 2017-2018 fóru allir starfsmenn Sóla á námskeið í notkun á námsefninu *Lubbi finnur málbeinið* og verið er að innleiða það í skólastarfið. Í vettvangsat-hugun var ekkert sýnilegt sem minnti á námsefnið um Lubba nema á einni deild þar sem var lítið veggspjald með yfirskriftinni: Íslensku máhljóðin.

Á veggjunum á eldri kjörnum eru upphafsstafir barnanna ásamt táknu þeirra sýnilegir og á einni deild var allt stafrófið með táknum stafanna og myndum á vegg. Annað ritmál, stafróf eða tölustafir er ekki sýnilegt en það samræmist stefnu leikskólans. Í fataklefa eru hólfr barnanna merkt með nöfnum

53 Skólanámskrá Sóla.

54 Viðtal við leikskólastýru og meðstjóranda.
Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

55 Rýnihópur leikskólakennara.

56 Rýnihópur starfsmanna.

57 Rýnihópur leikskólakennara.

58 Rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

59 Rýnihópur leikskólakennara.

60 Rýnihópur barna.

61 Viðtal við leikskólastýru.

62 Skólanámskrá Sóla.

þeirra. Valspjöldin eru merkt með myndum og ritmáli. Mikið er um kubba og annan efnivið með bók- og tölustöfum. Sveitarfélagið stóð fyrir því að gera læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla. Starfsmenn í Sóla tóku þátt í þeirri vinnu og kom fram í rýnihópum að þeir könnuðust við þá vinnu en gátu ekki sagt hvað hefði orðið um hana.⁶³ Í gögnum frá leikskólastjóra var læsiáætlun með yfirskriftinni læsi og stærðfræði í Sóla.

Áhersla er lögð á heilbrigði og vellíðan í öllu leikskólastarfinu. Börnin eru studd í félagslegum tengslum, sjálfstæði, hreyfingu og útvist. Lögð er áhersla á að öll börn fari út daglega, auk þess eru hópátímar notaðir til vettvangsferða. Fram kom í rýnihópum að umhverfi leikskólans býður upp á mikla fjölbreytni í vettvangsferðum og stutt sé í fjölbreytta náttúru og að starfsmenn séu duglegir að notfæra sér þau sérkenni sem náttúra Vestmannaeyja býður upp á.⁶⁴ Lögð er áhersla á hollt mataræði og hvíld.

Unnið er að sjálfbærni og vísindum í gegnum náttúruna og fá börnin tækifæri til að rannsaka hana og kanna. Í vettvangsathugun sást að unnið er með ræktun og börnin fóru í vettvangsferð til að kaupa haustlauka sem voru gróðursettir á útisvæðinu. Rusl er flokkað inni á deildum og lífrænt rusl sett í eldhúsið. Fram kom í rýnivíðtali að leikskólinn hafi verið Grænfánaskóli en ekki endurnýjað fánann í nokkur ár og söknuðu sumir starfsmenn þess.⁶⁵

Sköpun er í vali og hópastarfi. Í skólanámskrá segir að „hugmyndafræðin að baki hinum einfalda efnivið sem börnin leika sér með dag hvern í leikskólanum er fyrst og fremst sú að hvetja til sköpunar, samvinnu og samleiks“.⁶⁶ Í vettvangsathugun sást að börnin hafa tækifæri til að nota eigið hugmyndaflug og sköpun í leik og að áhersla er lögð á ferlið frekar en afurð. Í hópastarfinu er meðal annars unnið með listsköpun í listasmiðju. Lítið er um að verkefni barna séu sýnileg í umhverfinu og er það í samræmi við hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að það mætti setja verk barnanna upp á vegg í stuttan tíma í senn.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað, gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsmenn sjálfstæð, glöð og starfsöm börn. Samskipti starfsmanna við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði og beitti röddinni á jákvæðan hátt. Í foreldrakönnun sem Skólapúlsinn gerði vorið 2017 kom fram að rúmlega 96% foreldra voru frekar eða mjög sammála að barninu sé sýndur kærleikur og hlýja í skólastarfinu. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og sögðu þau að ef einhverjum liði illa þá segði maður „stopp kæri vinur“ og þá kæmi einhver og knúsaði mann.⁶⁷ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir telji að börnunum líði vel hjá þeim og þau tali vel um leikskólann heima.⁶⁸ Í rýnihópi foreldra kom fram að börnunum líður vel og þeim er mætt af hlýju þegar komið er í leikskólann. Börnunum er hrósað og endurspeglast það heima að sögn foreldra í orðum eins og „gengur betur næst og ég er bara að æfa mig“.⁶⁹

Mat á námi og velferð barna

Valið er skráð daglega og er tekið saman eftir mánuðinn hvað barnið hefur valið, hvaða svæði er vinsælast hjá barninu og hvaða svæði það forðast. Hópstjórar hafa skráningarblað þar sem skráð er hvað gert er í hópátíma og hvernig gekk. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og hópstjórar fylla út gátlista fyrir viðtölin sem er borinn saman við lista frá fyrra samtali. Ef grunur er um þroskafrávik eru foreldrar beðnir um að fylla út íslenska þroskalistann. Í rýnivíðtali við meðstjórnanda og aðra starfsmenn kom fram að engin áætlun er til um mat á námi barna en hópstjórar eru með gátlista fyrir foreldraviðtöl sem þeir fylla inn í.⁷⁰ Í viðtali við leikskólastýru kom fram að stuðst hafi verið við skimunartækið Íslenska málhljóðamælirinn sem metur framburð barna á íslensku málhljóðunum. Í viðtölum við aðra viðmælendur var ekki minnst á þetta. Börnin eiga ferilmöppur þar sem safnað er ýmsum teikningum og öðrum skráningum en það hefur ekki verið nýtt sem mat á námi barna.⁷¹

63 Rýnihópar starfsmanna og leikskólakennara.

64 Rýnihópar starfsmanna og leikskólakennara.

65 Rýnihópur leikskólakennara.

66 Skólanámskrá Sóla.

67 Rýnihópur barna.

68 Rýnihópur starfsmanna.

69 Rýnihópur foreldra.

70 Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna og viðtal við meðstjórnanda.

71 Viðtal við leikskólastýru og rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

Styrkleikar

- Mikið er til af fjölbreyttum efniviði.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námsvið aðalnámskrár.
- Leitað er leiða til að nýta allt húsnæði leikskólans sem best.
- Starfsfólk leggur sig fram við að eiga jákvæð og uppbyggjandi samskipti við börnin.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Í vettvangsferðum er náttúran og umhverfið notað til sköpunar.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að samræma reglur í valstundum.
- Skoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Endurskoða ætti þátttöku barna í innra mati.
- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni í mati á börnum svo sem með málþroskamati, hreyfifærnimati, uppeldislegum skráningum og ferilmöppum.
- Birta ætti á heimasíðu greinargerð um læsi og stærðfræði í Sóla.
- Æskilegt er að fram fari umræða meðal kennara um markmið og leiðir í matmálstímum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð starfar við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Leikskólastjóri velur fólk í ráðið og er því ekki um formlega kosningu að ræða en í haust bauð eitt foreldri sig fram í ráðið að fyrra bragði. Foreldraráð hefur ekki sett sér vinnureglur eða starfsáætlun en leikskólastjóri boðar til fundar með dagskrá og heldur utan um fundina. Fundargerðir eru skráðar en eru ekki aðgengilegar. Foreldraráð kemur ekki að gerð starfsáætlunar eða skólanámskrár en helstu verkefni ráðsins er að lesa yfir starfsáætlun og skólanámskrá og gefa umsögn um þær. Foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við foreldraráð og vissu ekki hverjir væru í því.⁷²

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru fundir haldnir eftir þörfum. Fimm foreldrar eru í stjórn félagsins og kosið er í stjórn á aðalfundi að hausti. Fundargerðir eru ritaðar en eru ekki aðgengilegar. Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili leikskólans og stendur fyrir ýmsum viðburðum svo sem vorhátíð, leiksýningu fyrir jólin, tónlistarviðburði, myndatöku leikskólabarna auk gjafa til útskriftarbarna að vori og gjafa til leikskólans. Foreldrafélagið er með Facebook-síðu. Fram kom í rýniviðtölum að mikil og almenn þátttaka foreldra er á hina ýmsu viðburði sem leikskólinn býður upp á og einnig er talsvert um svokallað foreldraframlag sem felst í því að fjölskyldumeðlimir barnanna leggi eitthvað af mörkum til leikskólans s.s. tónlistaratriði, efnivið, fisk til rannsóknar eða annað sem glæðir leikskólastarfið.⁷³ Í rýniviðtali við stjórnendur og starfsmenn kom fram að samfélagið sé einstaklega velviljað leikskólanum.

Leikskólastjóri tekur alla nýja foreldra í viðtal við upphaf skólagöngu barnsins. Í viðtalinu fá foreldrar afhentan bækling með ýmsum hagnýtum upplýsingum um leikskólann og einnig er skipst á upplýsingum um barnið. Í rýniviðtali foreldra kom fram að allir foreldrar könnuðust við að hafa fengið þetta viðtal.⁷⁴ Aðlögun nýrra barna tekur um viku og er til sérstök áætlun um það. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári á laugardegi. Foreldrar fá úthlutaðar 15 mínútur fyrir viðtalið og er leikskólinn opinn fyrir leikskólabörnin og systkini þeirra á meðan.

Leikskólinn er með skráningarkerfið Karellen þar sem starfsmenn skrá upplýsingar eins og viðveru barna, svefntíma, matartíma og að auki eru myndir af starfinu og skilaboð til foreldra. Tölvupóstur er notaður til að koma upplýsingum til foreldra. Upplýsingatafla er við hvern kjarna þar sem skráðar eru upplýsingar sem kennarar vilja koma á framfæri við foreldra. Lögð er áhersla á dagleg samskipti milli foreldra og starfsmanna. Einnig geta starfsmenn notað Facebook-síðu foreldrafélagsins. Í rýniviðtölum kom fram að foreldrum finnst mikilvægast það samtal sem fram fer þegar komið er með börnin og þau sótt. Foreldrar sögðust ekki nota heimasíðuna mikið, þau nota frekar Karellen og segja að þar séu meiri upplýsingar. Jafnframt töldu foreldrar að þeir fengju nægar upplýsingar.⁷⁵

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott. Foreldrar voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsmenn og stjórnendur. Þeir sögðust eiga góð samskipti við starfsmenn og viðhorf starfsmanna til barnanna einkenndust af virðingu og hlýju. Fram kom að foreldrar telja að starfsandinn sé góður og foreldrar mættu hlýju þegar þeir kæmu í leikskólann. Foreldrar upplifa mikinn metnað og samstöðu í starfsmannahópnum. Í foreldrakönnun frá 2017 svöruðu 91,43% foreldra því að þeir myndu mæla með skólanum við aðra og 3,81% töldu það mjög líklegt.⁷⁶

72 Rýnihópur foreldra.

73 Rýnihópur foreldra og viðtal við leikskólastýru.

74 Rýnihópur foreldra.

75 Rýnihópur foreldra.

76 Foreldrakönnun 2017.

Samstarf við grunnskóla

Elstu börn leikskólans eru fjögurra ára og er því ekki um formlegt samstarf við grunnskólann að ræða. Fimm ára börnin í Vestmanneyjum eru á deild sem kallast Víkin og starfar í grunnskólanum. Samstarf er við Víkina og eru reglulegar heimsóknir yfir veturinn með elstu börnin og á vorin er fundur með hópstjórum fjögurra ára barna í Sóla og leikskólakennurum í Víkinni þar sem miðlað er upplýsingum um börnin. Ekki er til skrifleg áætlun um færslu barna á milli skólanna og er það á ábyrgð stjórnenda í Víkinni að bjóða börnunum í heimsókn.⁷⁷

Annað samstarf

Gott samstarf er við grenndarsamfélagið. Reglulega er farið í bókasafnið og Eldheima. Sjúkrahúsið er við hliðina á leikskólanum og reglulega er farið þangað og sungið fyrir fólkið sem þar dvelur. Farið er í vettvangsferðir á bryggjuna til að fá fisk sem síðan er krufinn og skoðaður. Leikskólinn tekur þátt í goslokahátíð, lundapysjutímabilinu og öðru tengdu menningu bæjarins. Börnin hafa teiknað gleðimiða sem þau hafa gengið með í hús í nágrenninu og gefið íbúum. Sameiginleg sumarhátíð er fyrir leikskólana Sóla og Kirkjugerði. Leikskólinn hefur tekið þátt í verkefninu Jól í skókassa sem er samstarfsverkefni KFUM og K á Íslandi og KFUM í Úkraínu.

Styrkleikar

- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.
- Viðhorf foreldra er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Gerður hefur verið upplýsingabæklingur fyrir nýja foreldra.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra.
- Starfsfólk leggur sig fram við að taka þátt í og viðhalda menningu samfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að fundargerðir foreldrafélagsins séu aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að gera skriflega áætlun um samstarf við Víkina og birta í starfsáætlun.

⁷⁷ Rýnihópur leikskólakennara.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Sameiginlegur sérkennsluráðgjafi er fyrir leikskólana tvo og fimm ára deildina í Víkinni. Sérkennsluráðgjafinn er tvo daga í viku í Sóla, fjórar klukkustundir í senn. Auk þessa nýtur skólinn þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings og ráðgjafarþroskaþjálfara frá fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmanneyja. Nýlega hafa verið gerðir verkferlar fyrir leikskólana í Vestmanneyjum ef upp kemur grunur um þroskafrávik, sem unnir voru af fræðslufulltrúa. Ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni er byrjað að skoða málið innan kjarnans og leikskólans. Einnig kemur sérkennsluráðgjafinn að því og foreldrar eru beðnir að fylla út íslenska þroskalistann. Gerð er einstaklingsáætlun til tveggja mánaða og aflað fleiri gagna á þeim tíma. Að tveim mánuðum loknum er staðan endurmetin og ef þurfa þykir er málinu vísað til sérfræðiteymis Fjölskyldu- og fræðsluskrifstofu Vestmannaeyja sem sér um nánari greiningu. Þau börn sem greinast með ákveðin þroskafrávik fá strax skilgreindan sérkennslutíma. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með þessi börn inni á kjarnanum í sínum hópi en ef þörf krefur er unnið með barnið einstaklingslega.⁷⁸ Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurfa sérkennslu og er hún endurskoðuð reglulega. Teymisfundir eru haldnir reglulega á 6 vikna fresti og þá sitja foreldrar, hópstjóri, stuðningsfulltrúi, leikskólastýra, ráðgjafarþroskaþjálfari og sérkennsluráðgjafi. Leikskólastýra sér um að boða á teymisfundi. Starfsmenn kjarnans eru upplýstir um niðurstöður greiningar og einnig allir starfsmenn leikskólans þegar það á við. Starfsmenn eru hvattir til að auka þekkingu sína á þroskafrávikum með því að sækja námskeið og aðra fræðslu. Í rýnivíðtölum kom fram að starfsmenn telji sig fá þær upplýsingar sem þeir þurfa.⁷⁹

Börn með annað móðurmál en íslensku

Vestmanneyjabær hefur ekki gert sérstaka stefnu eða móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Í leikskólanum er því ekki unnið sérstaklega með þau börn. Í rýnivíðtali kom fram að ekki er áætlað neitt fjármagn til þessa málaflokks og þar af leiðandi er engin skilgreind staða innan leikskólans sem sinnir þessu. Starfsmenn sögðu þó að þeir væru meðvitaðir um þetta og væru að reyna að sinna þessum börnum sérstaklega.⁸⁰ Notast er við túlka í foreldarvíðtölum, einnig er reynt að þýða upplýsingar sem þarf að koma á framfæri við foreldra sem eru af erlendu bergi brotin.⁸¹

Styrkleikar

- Til eru verkferlar, ef upp kemur grunur um þroskafrávik, sem unnir voru af fræðslufulltrúa Vestmannaeyjabæjar í samvinnu við Sérkennslustjóra og leikskólastjóra bæjarins.
- Sérkennsluráðgjafi frá fjölskyldu- og fræðsluviði kemur í leikskólann tvisvar í viku.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með skilgreindar þarfir.
- Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.
- Starfsmenn hafa aðgengi að fjölbreyttu sérfræðingateymi.
- Starfsmenn fá þær upplýsingar um sérkennslubörnin sem þeir telja sig þurfa.
- Starfsmenn er hvattir til að sækja sér fræðslu varðandi sérstakar þarfir barna.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Boðið er upp á túlkþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

78 Rýnihópur leikskólakennara.

79 Rýnihópar starfsmanna og leikskólakennara.

80 Rýnihópur leikskólakennara.

81 Víðtali við leikskólastýru.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Mat á starfsháttum fer reglulega fram, meðal annars með ýmsum gátlistum frá Hjallastefnunni. Matið er kerfisbundið og er eins ár frá ári og er það samofið daglegu leikskólastarfi. Að sögn leikskólastjóra er það hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. Á hverju ári kemur matsaðili frá Hjallastefnunni og metur skólafarið í heild, talar við foreldra og starfsfólk, eyðir deginum í skólanum og fylgist með. Auk þess kemur árlega matsaðili og tekur út ákveðinn þátt í starfinu. Síðast var valið skoðað, hvernig það fór fram, hvað var gott og hvað mátti betur fara.⁸² Niðurstöður úr úttektinni eru nýttar í innra mat og umbótaáætlun. Samkvæmt stefnu leikskólans á að meta val og hópastarf mánaðarlega og sjálfsmat kennara fer fram í lok hverrar lotu. Í viðtali við skólastýru og meðstjórnanda kom fram að starfsmenn hafa farið á aðra kjarna með gátlista og fylgst með starfinu á kjarnanum og metið kennsluáferðir hver annars.⁸³ Ekkert matssteymi starfar við leikskólann en stjórnendur fylgja matinu eftir og vinna úr niðurstöðum þess.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Mat á framförum barna er gert tvisvar á ári með því að fylla út þar til gerða gátlista og er það gert í tengslum við foreldraviðtöl. Hópstjórar halda skráningu um hópastarfið, hvað er gert, hvernig gekk, virkni barnanna og til hvaða þátta í aðalnámskrá hópastarfið náði. Mánaðarlega eru þessar skráningar skoðaðar til að fylgjast með hvort jafnvægi sé á milli allra þátta varðandi grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Val barnanna er skráð og tekið saman mánaðarlega. Í lok hverrar lotu er gert sjálfsmat starfsmanna en til þess eru notaðir matslistar frá Hjallastefnunni. Í vettvangsathugun sáu matsmenn þessa gátlista og hvernig unnið er með þá. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með sérkennslu sem eru endurmetnar á sex vikna fresti. Foreldraráð les yfir og samþykkir starfsáætlun og skólanámskrá. Börn og foreldrar koma ekki að innra mati á skólafari.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður foreldrakannana eru birtar á heimasíðu Sóla. Niðurstöður úr öðru innra mati eru ekki sjáanlegar á heimasíðu leikskólans en þar má sjá krækju inn á innra mat skólans fyrir árið 2018-2019. Í ársskýrslu leikskólans fyrir árið 2017-2018 er fjallað um innra mat hans en hvorki eru birtar niðurstöður né umbótaáætlun. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir þekkja ekki innra mat leikskólans eða umbótaáætlun. Fram kom í viðtali við leikskólastýru að niðurstöður innra mats væru birtar á sameiginlegu tölvudrifi starfsmanna. Í rýniviðtölum við starfsmenn kom fram að niðurstöður innra mats væru kynntar þeim á starfsmannafundum. Í viðtölum við leikskólastjórnendur kom fram að umbótaáætlun væri gerð og kynnt starfsfólki, sett á sameiginlegt tölvudrif starfsmanna en ekki birt opinberlega. Stjórnendur og starfsmenn kannast ekki við að umbótaáætlun sé fylgt kerfisbundið eftir.

Styrkleikar

- Mat á starfsháttum fer fram reglulega.
- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Val barna er skráð og markvist er fylgst með hópastarfi.
- Brugðist er við niðurstöðum úr mati, sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Sjálfsmat kennara fer fram í lok hverrar lotu.
- Reglulega kemur matsmaður frá Hjallastefnunni og metur skólafarið.

⁸² Tölvupóstur frá leikskólastýru.

⁸³ Viðtal við leikskólastýru og meðstjórnanda.

Tækifæri til umbóta

- Stofna ætti matsteymi sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið starfsfólks, foreldra og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðili, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær eigi að endurmeta árangurinn.
- Birta skal umbótaáætlun opinberlega svo sem á heimasíðu leikskólans.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólanum Sóla. Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá og er vel sýnileg í starfi hans.
- Góð hljóðvist er í húsinu.
- Útileiksvæði er stórt og vel búið leiktækjum.
- Umhverfi leikskólans og náttúra er nýtt til náms og leikja.
- Mikil nálægð er við fjölbreytta náttúru, samfélag og höfnina.
- Lögð er áhersla á læsi og stærðfræði með hliðsjón af framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.
- Gott samstarf er við fjölskyldu og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar.
- Skólanámskrá var síðast endurskoðuð 2016 og er á áætlun að endurskoða hana aftur.
- Skólanámskrá, starfsáætlun, ársskýrsla og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Jafnréttisáætlun, eineltisáætlun, öryggis og rýmingaráætlun eru til.
- Starfsmannahandbók og áætlun um móttöku nýliða eru til og aðgengilegar starfsfólki.
- Stjórnendur eru mjög sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim gott.
- Ófaglært starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Jákvæðni og gleði er ríkjandi í starfsmannahópnum.
- Mikill stöðugleiki þekking og reynsla er í starfsmannahópnum.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, samskipti við starfsfólk og þá samheldni sem þeir upplifa í starfsmannahópnum. Stefna leikskólans birtist skýrt í leikskólastarfinu.
- Mikið er til af fjölbreyttum efniviði.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Leitað er leiða til að nýta allt húsnæði leikskólans sem best.
- Starfsfólk leggur sig fram við að eiga jákvæð og uppbyggjandi samskipti við börnin.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Í vettvangsferðum er náttúran og umhverfið notað til sköpunar. Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.
- Viðhorf foreldra er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.

- Gerður hefur verið upplýsingabæklingur fyrir nýja foreldra.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra.
- Starfsfólk leggur sig fram um að taka þátt í og viðhalda menningu samfélagsins.
- Til eru verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik, sem unnir voru af fræðslufulltrúa Vestmannaeyjabæjar í samvinnu við Sérkennslustjóra og leikskólastjóra bæjarins.
- Sérkennsluráðgjafi frá fjölskyldu- og fræðsluviði kemur í leikskólann tvisvar í viku.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með skilgreindar þarfir.
- Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.
- Starfsmenn hafa aðgengi að fjölbreyttu sérfræðingateymi.
- Starfsmenn fá þær upplýsingar um sérkennslubörnin sem þeir telja sig þurfa.
- Starfsmenn er hvattir til að sækja sér fræðslu varðandi sérstakar þarfir barna.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Mat á starfsháttum fer fram reglulega.
- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Val barna er skráð og markvist er fylgst með hópastarfi.
- Brugðist er við niðurstöðum úr mati, sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Sjálfsmat kennara fer fram í lok hverrar lotu.
- Reglulega kemur matsmaður frá Hjallastefnunni og metur skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr.87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Bæta þarf skiptiaðstöðu barna á kjörnum.
- Æskilegt er að afmarka öruggt útileiksvæði fyrir yngstu börnin.
- Gera mætti svæði fyrir barnavagna fyrir yngstu börnin til að sofa úti.
- Bæta má viðhald á lóð, leiktækjum og girðingu.
- Gera má verkaskiptingu leikskólastýru og meðstjórnanda skriflega og kynna fyrir starfsfólki.
- Við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar ætti að huga að aðkomu foreldra og barna.
- Öryggis og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg, útprentuð inni á öllum kjörnum og í helstu rýmum leikskólans. Æskilegt væri að rita fundargerðir á kjarnafundum.
- Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir leiðum við innra mat og upplýsingum sem fylgja börnum þegar þau flytja á milli leikskóla eða í Víkina.
- Æskilegt er að samræma reglur í valstundum.
- Skoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Endurskoða ætti þátttöku barna í innra mati.

- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni í mati á börnum svo sem með málþroskamati, hreyfifærnimati, uppeldislegum skráningum og ferilmöppum.
- Birta ætti á heimasíðu greinargerð um læsi og stærðfræði í Sóla.
- Æskilegt er að fram fari umræða meðal kennara um markmið og leiðir í matmálstímum.
- Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að fundargerðir foreldrafélagsins séu aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að gera skriflega áætlun um samstarf við Víkina og birta í starfsáætlun.
- Æskilegt er að hafa móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Stofna ætti matsteymi sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið starfsfólks, foreldra og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðili, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær eigi að endurmeta árangurinn.
- Birta skal umbótaáætlun opinberlega svo sem á heimasíðu leikskólans.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Sóla leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Mikil sátt er um stefnu leikskólans meðal starfsmanna og foreldra og birtist stefnan vel í starfinu. Þá er unnið markvisst að framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar um læsi og stærðfræði. Skólabragur er góður og einkennist starfsandi af virðingu, trausti, metnaði og hjálpssemi. Í vettvangsheimsókn mátti greina að jákvæðni og gleði er ríkjandi í starfsmannahópnum og andrúmsloft er afslappað. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann, telja að börnunum líði vel og að þeim sé mætt af hlýju og umhyggju. Huga þarf að aðkomu foreldra og barna við gerð skólanámskrár, ársáætlunar og innra mats leikskólans. Skoða þarf hvaða upplýsingar fylgi börnum þegar þau flytja á milli skóla. Birta ætti umbótaáætlun opinberlega svo sem á heimasíðu. Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti. Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Leikskóladagatal 2018-2019.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Heimasíða leikskólans Sóla.

Heimasíða Vestmannaeyjabæjar.

Skólanámskrá Leikskólans Sóla.

Starfsáætlun leikskólans Sóla skólaárið 2018-2019.

Ársskýrsla Sóla skólaárið 2017-2018.

Innra mat leikskólans Sóla 2018-2019.

Viðtöl:

Símtal við fræðslufulltrúa Vestmannaeyja.

Viðtal við leikskólastýru.

Viðtal við meðstjórnanda.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

